

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands var haldinn fimmtudaginn 26. maí 2016 og hófst kl. 20.00.

Stjórn HRFÍ boðaði til aðalfundar í félaginu sem haldinn var í veislusal reiðhallar hestamannafélagsins Sprettis, Hestheimum 14-16, Kópavogi, fimmtudaginn 26. maí n.k og hófst kl. 20:00.

Herdís Hallmarsdóttir formaður félagsins setti fundinn kl. 20.11 og skipaði fundarstjóra og fundarritara.

#### Dagskrá:

### 1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað

Ari Karlsson var fundarstjóri og Guðrún Margrét Baldursdóttir var fundarritari. Fundurinn var auglýstur í fyrsta tölublaði Sáms og á heimasíðu félagsins.

### 2. Skýrsla stjórnar HRFÍ

Herdís Hallmarsdóttir flutti framsögu um skýrslu stjórnar sem fer hér á eftir:

Góðir fundarmenn.

Sem formaður hef ég tekið saman skýrslu um margbreytilega starfsemi félagsins síðasta starfsár og verður hún sett inná vef félagsins í heild sinni núna. Þá liggur hún frammi á fundinum fyrir þá sem hafa áhuga. Ég mun í framsögu þessari tæpa á því helsta en hvet fundarmenn að lesa skýrsluna.

Stjórn félagsins var þannig skipuð og skipti þannig með sér verkum: Ég, Herdís Hallmarsdóttir var kjörin formaður. Sóley Halla Möller valin varaformaður. Pétur Alan Guðmundsson valin gjaldkeri félagsins. Í meðstjórn voru þeir Guðmundur A. Guðmundsson og Daníel Örn Hinriksson. Ragnhildur Gísladóttir og Brynja Tomer voru varamenn.

Áður en ný stjórn hóf störf, bauð nýkjörin formaður félagsins stjórn og framkvæmdastjóra að taka þátt í vinnustofu 4. júní 2015 og skoða sameiginlega áherslur stjórnar næstu mánuði. Tilgangurinn var að velta upp hugmyndum og ræða hvernig best væri að vinna þeim málefnum brautargengi. Niðurstaða fundarins var:

1. að lögð skyldi sérstök áhersla á að lagfæra heimasíðu félagsins og gera gagnagrunn með heilsufarsupplýsingum um ræktunardýr.
2. Þá taldi stjórn að taka þyrfti húsnæðismál félagsins til skoðunar.
3. Í þriðja lagi skyldi unnið að því að fjölga félagsmönnum með öllum tiltækum ráðum.
4. Í fjórða lagi vildi stjórn auka þátttöku félagsmanna í ákvörðunartöku um einstök málefni félagsins.

Einnig voru rædd fundarsköp og samvinna innan stjórnar enda mikilvægt að stjórn geti átt umræður en standi svo eins og hægt er sameiginlega að ákvörðunum þrátt fyrir innbyrðis skoðanaskipti.

Stjórn hefur fundað 15 sinnum á starfsárinu og þrjár fulltrúaráðsfundir verið haldnir.

#### Skrifstofa

Skrifstofa félagsins hefur aðsetur í húsnæði félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík. Á aðalfundi húsfélagsins 12. júní s.l. var upplýst um viðamiklar framkvæmdir sem áður höfðu verið samþykktar. Kostnaðaráætlun var lögð fram á fundinum en samkvæmt henni má búast við að hlutdeild HRFÍ verði um 2,6 milljónir á næstu árum. Á árinu var ráðist í að skipta um glugga á suðurgafli húsnæðisins. Beðið var með að ráðast í frekari úrbætur og kostnaður HRFÍ var um 600 þúsund. Félagið getur átt von á viðhaldskostnaði uppá 2 milljónir næstu ár enda liggja enn fyrir samþykktir húsfélagsins.

Á skrifstofu starfa sem fyrr auk Fríðar Estherar Pétursdóttur framkvæmdastjóra þær Klara Ágústa Símonardóttir og Kristlaug E. Gunnlaugsdóttir. Fríður Esther Pétursdóttir var í fæðingarorlofi hluta úr árinu og var Rúna Helgadóttir ráðinn sem hlutastarfsmaður. Rúna hætti störfum hjá félaginu í maí 2016 en sinnir nýútkomnu mánaðarlegu fréttariti félagsins, Litla Sámi sem og hvolpasíðu félagsins Voff.is. Klara Ágústa er nýfarin í fæðingarorlof en staðgengill hennar, Stefanía Sigurðardóttir hóf störf í maí. Skrifstofa félagsins er opin alla virka daga frá kl. 10 til 15.

Það er brýnt verkefni að útbúa gagnagrunn með heilsufarsupplýsingum um ræktunardýr og fundaði stjórn með framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum skrifstofu í lok júlí til að ræða þau mál. Var stjórn upplýst um hvernig vistun og samantekt heilsufarsupplýsinga er háttað í dag og hversu tímafrekt er að vinna úr upplýsingunum. Það er ljóst að það verkefni að koma á nothæfum gagnagrunni er afar brýnt hagsmunamál fyrir félagið. Við þurfum að sama skapi að horfast í augu við það að við erum lítið félag og geta okkar og fjárhagslegt bolmagn er lítil í samanburði við systrafélög okkar á norðurlöndunum. Það er því best fyrir félagið að halda góðum erlendum tengslum og vonast til að fá að njóta afrakstur þeirrar vinnu sem unnin hefur verið úti. Niðurstaðan var því sú að vandlega íhuguðu máli að kannað yrði til hlítar hvort af samvinnu yrði við finnska hundaræktarfélagið en þeir höfðu áður gefið fyrirheit um að við fengjum aðgang að þeirra gagnagrunni gegn lágmarksgjaldi – í formi greiðslu fyrir notkun kerfisins. Því miður hafa tilraunir okkar til að fá aðgang að kerfinu ekki borið árangur þetta árið og ljóst að stjórn verður á næstu misserum að gera aðrar ráðstafanir ef okkur verður ekki ágengt með finnska klúbbnum.

Í framhaldi af hálfársuppgjöri félagsins og eftir nokkrar umræður sem og samráð stjórnar við fulltrúaráð félagsins var tekin ákvörðun um hækkun á gjaldskrá félagsins um ca 6%. Hækkunin tók gildi um áramótin.

Um reglubundna starfsemi innan félagsins er skrifaður texti á bls 2 til bls 6 í skýrslunni en ég tel óþarft að lesa skýrsluna upp frá orði til orðs. Þess í stað langar mig að vekja athygli fundarmanna á nokkrum þáttum:

Félagsmönnum fækkaði um 162 eða 8% sem er áhyggjuefni. Félagsmenn voru þannig 1916 í lok árs 2015. Stjórn ákvað að ráðast í aðgerðir til að fjölga félagsmönnum. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar í júní var hafist handa við að skoða hvað myndi kosta að veita fría félagsaðild og á fundi stjórnar 18. nóvember 2015 var ákveðið að bjóða nýjum hundaeigendum ókeypis félagsaðild á árinu 2016, svo fremi þeir hefðu ekki áður verið aðilar að félaginu. Mun endanlegur árangur átaksins koma í ljós í árslok en það er gaman að greina fundarmönnum frá því að í dag 26 maí eru félagsmenn orðnir 2280 talsins sem er fjölgun um tæpan fimmtung frá árslokum 2015.

Sýndir voru fleiri hundar á árinu en áður og nemur aukningin 23%. Aldrei hafa jafn margar sýningar verið haldnar á einu ári, bæði minni deildarsýningar og stórsýningar félagsins. Mikið verk er að skipuleggja og setja upp stóra sýningu og eru þessir stærstu viðburðir félagsins háðir því að félagsmenn leggi hönd á plóg við hin ýmsu tilfallandi störf. Er þeim sérstaklega þakkað framlag sitt til að þetta glæsilega sýningarár yrði að veruleika.

Tekið var upp á þeirri nýbreytni að hafa hvolpasýningar degi á undan stórsýningum, ásamt keppni ungra sýnenda. Gaf það tækifæri til að lækka þátttökualdur hvolpa úr fjórum mánuðum í þrjá, auk þess sem rými gafst fyrir kynningastarf í hluta sýningahallar. Það varð úr að brons- og hlýðniþróf voru haldin við þessi tilefni og er óskandi að það hafi orðið til að vekja áhuga fleiri á þessari starfsemi félagsins. *Þá vonast HRFÍ til að þetta tækifæri verði nýtt enn frekar og betur á komandi árum í kynningastarfi hjá félaginu.*

Nú í maí samþykkti stjórn tillögur sýningastjórnar um nokkrar breytingar á sýningareglum félagsins. Þar var veitt heimild fyrir tveimur nýjum HRFÍ titlum, öldungameistararitli og ungliðameistararitli.

Vonast er til að titlarnir verði eigendum eldri og yngri hunda hvatning til að mæta með hunda sína á sýningar félagsins.

Vinnuþrófum fjölgaði örlítið á starfsárinu. Boðið var uppá regluleg hlýðniþróf, bronsmerkisþróf, hlýðni I, II og III, ásamt spori.

Samþykktar voru breytingar á kröfum um hlýðnititla hjá félaginu svo raunhæft yrði fyrir hunda að ná titli miðað við þau þróf sem í boði eru. Þá fengu þrír reyndustu hlýðnidómarar félagsins heimild til að dæma hlýðni III og verður í fyrsta sinn haldið þróf í hlýðni III í maí á þessu ári.

Fjöldi veiðiþrófa dróst lítillega saman á starfsárinu.

Stjórn samþykkti á árinu reglur og leiðbeiningar um dómaraþám fyrir dómara sækjandi hunda (retrieverhunda). Þá eru í vinnslu reglur um dómaraþám fuglahundadómara og siðareglur fyrir íslenska fuglahundadómara. Guðmundur A. Guðmundsson leiðir vinnuna f.h. stjórnar HRFÍ.

Sólheimakotsnefnd hefur með dyggri aðstoð styrktaraðila ráðist í úrbætur og viðhald á Sólheimakoti sem í síauknum mæli nýtist félagsmönnum til ýmissa viðburða og hittinga.

Hundaskóli HRFÍ var rekinn með óbreyttu sniði. Ánægjuleg fjölgun var á námskeiðum íþróttadeildar í hundafimi eða um 126%. Hefur því orðið umsnúningur á rekstri deildarinnar í fyrsta skipti í mörg ár og það þrátt fyrir slæma aðstöðu og aðbúnað. Íþróttadeild hefur búið við aðstöðuleysi undanfarin ár auk þess sem tækjabúnaðurinn er lúinn. Húsnæðismálin eru til skoðunar en hætt er við að ekki verði að fullu úr bætt fyrir en félagið kemst í betra húsnæði fyrir starfsemi sína. Þá var gengið í það á miðju ári að panta nokkur ný tæki fyrir hundafimina en til stendur að endurnýja tækjabúnað á næstu misserum.

Í ár urðu Eldeyjar Hugi þjónustuhundur ársins og Leynigarðs Loki afrekshundur ársins. Þeir voru heiðraðir á Alþjóðlegri sýningu félagsins 14. nóvember 2015.

[Öflugt starf hefur verið hjá Ungmennadeild í ár.](#)

Stigahæsti ungi sýnandi ársins í yngri flokki var Elena Mist Theódórsdóttir en í eldri flokki var Hafdís Jóna Þórarinsdóttir stigahæst.

Íslenska landsliðið í ungum sýnendum tók þátt í Norðurlandakeppni ungra sýnenda í Svíþjóð og hampaði 2. sæti í liðakeppninni. Fjórir stigahæstu ungu sýnendur ársins skipuðu landslið Íslands en það voru þær Hafdís Jóna Þórarinsdóttir, Margrét Hauksdóttir, Berglind Gunnarsdóttir og Ylfa Dögg Ástþórsdóttir. Þjálfari þeirra og liðstjóri var Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

Dagur Ungmennadeildar HRFÍ var haldinn hátíðlegur tvisvar á þessu starfsári í ágúst 2015 og í apríl 2016. Þátttaka var góð og var almenn ánægja með þennan viðburð deildarinnar.

Á árinu var tekið upp nýtt umbunarkerfi þar sem meðlimir deildarinnar fá umbun fyrir störf sín í veitingasölu deildarinnar á sýningum HRFÍ. Umbunarkerfinu er ætlað að hvetja fleiri meðlimi til að leggja sitt af mörkum í starfsemi deildarinnar.

[Sýningadómarar – félag sýningadómara stofnað.](#)

Á þessu starfsári hefur félagið viðurkennt þrjá nýja sýningadómara, þau Daníel Örn Hinriksson, Þórdísi Björgu Björgvinsdóttur og Þorstein Thorsteinsson.

Á þessu ári féll frá Sigríður Pétursdóttir dómari og fyrrverandi formaður og heiðursfélagi. Fyrir hönd Hundaræktarfélags Íslands vil ég nota tækifærið og færa henni þakkir fyrir merkilegt ævistarf við verndun íslenska fjárhundsins og framlag hennar til uppbyggingar starfsemi félagsins.

Sýningadómaranefnd félagsins vann að endurskoðun reglna um menntun sýningadómara, til að samræma þær betur að FCI reglum. Þá voru hafðar til hliðsjónar reglur sem gilda í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Nýju reglurnar hafa nýlega verið samþykktar af stjórn.

Sýningadómarar félagsins stofnaðu með sér félagsskap á árinu líkt og starfræktur er á meðal dómara systurfélaga á Norðurlöndum. Um er að ræða samvinnuvettvang dómara félagsins og vil ég óska dómurum til hamingju með nýstofnað félag og vænti ég góðs samstarfs.

Sámur kom út tvisvar á árinu, í júní og desember. Félagið er mjög stolt af félagsblaðinu sem gegnir mikilvægu hlutverki innan félagsins.

Auður Sif Sigurgeirsdóttir hefur gegnt starfi ritstjóra um árabíl en lét af störfum eftir að blaðið kom út í desember. Vill stjórn HRFÍ nota tækifærið og þakka henni gott starf.

Klara Símonardóttir hefur tekið við sem ritstjóri blaðsins. Hún þekkir vel til blaðaútgáfu auk þess sem hún hefur setið í ritnefnd. Óska ég henni velfarnaðar í starfi en hún mun njóta samstarfs öflugrar ritnefndar sem mun aðstoða við útgáfu blaðsins þannig að við getum öll verið stolt af.

Í dag eru 26 ræktunardeildir innan HRFÍ sem hafa það hlutverk að standa vörð um að ræktun. Þeim er ætlað að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina sem varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á heilbrigði tegunda sem þeim tilheyra. Þeim er líka ætlað að miðla áfram þeirri þekkingu. Þær standa líka fyrir margvíslegu félagsstarfi svo sem ýmsum viðburðum og hittingum.

Samkvæmt lögum félagsins ber deildum að halda ársfundi frá janúar til mars á hverju ári þar sem kosið er í stjórn. Þá skulu deildirnar skila skýrslu um starf liðins árs til stjórnar HRFÍ. Skýrslu skal skilað fyrir 15. apríl ár hvert.

Í lok þessa starfsárs eru átta deildir sem ekki hafa skilað ársskýrslu og stjórn því ekki verið upplýst um starf þeirra. Um er að ræða Boxerdeild, Pincher- Mastiff og Fjallahundadeild, Spitzhundadeild, St. Bernharðsdeild, Smáhundadeild, Yorkshire terrierdeild, Terrierdeild og Spanieldeild. Er áhyggjuefni að heyra ekki frá þessum deildunum, enda sinna þær ábyrgðarhlutverki gagnvart deildarmeðlimum og hundakynjum sem eiga skjól hjá þeim.

Á þessu starfsári hélt stjórn þrjá samráðsfundi með stjórnunum ræktunardeilda. Á fundum þessum var farið yfir regluverk félagsins og hlutverk ræktunardeilda rætt auk þess sem umræður áttu sér stað um stöðu deildanna og stjórn sat fyrir svörum. Fundirnir eru liður í því að halda betur utan um starf deildanna sem og að auka samskipti milli ræktunarstjórna og stjórnar HRFÍ. Fundirnir mæltust vel fyrir af þeim sem sóttu þá. Stjórn hefur í hyggju að bjóða áfram uppá slíka fundi að framkominni beiðni frá ræktunarstjórnunum sem telja sig hafa gagn af slíkum fundi.

Í stefnuskrá félagsins er talað um að huga þurfi að lágmarksstærð deilda og sameiningu eftir þörfum. Mjög litlar deildir séu oftast óhentugar starfseiningar þar sem öll vinna lendir á fárra höndum sem eiga til að kulna í starfi og starfsemi leggst af.

Á árinu kallaði stjórn starfshóp um starfsemi ræktunardeilda á fund en hópurinn var settur á laggirnar á síðasta starfsári. Hópurinn setti fram hugmyndir sem stjórn ákvað að vinna áfram með. Tillögurnar voru ennfremur kynntar á fulltrúaráðsfundi og haldinn var opinn kynningafundur með félagsmönnum. Er til skoðunar hvort leggja eigi til lagabreytingar og verður að halda áfram því starfi

á næsta starfsári. Þá voru lagðar til sameiningar deilda og mun ein tillagan koma til afgreiðslu síðar á fundinum.

### Húsnæðismál

Félagið er eigandi að einkahlutafélaginu Ra ehf. sem er aftur eigandi að skrifstofuhúsnæði að Síðumúla 15 þar sem skrifstofa félagsins er til húsa. Félagið skuldar vegna kaupa á hlutafé í Ra rúmar 24 milljónir króna en lánið hvílir á fasteigninni. Þá liggur fyrir samþykki húsfundar um framkvæmdir sem samkvæmt kostnaðaráætlun gætu kostað félagið 2,6 milljónir. Á þessu ári hefur verið ráðist í hluta þeirra, þ.e. skipt um glugga á einni hlið fasteignarinnar. Á næstu árum má því eiga von á að kostnaður félagsins nemi um 2 milljónum króna.

Á vinnustofu nýrrar stjórnar kom fram skýlaus vilji til að skoða húsnæðismál félagsins. Í upphafi var þó ákveðið að kanna vilja félagsmanna áður en lengra yrði haldið. Var útbúin skoðanakönnun þar sem félagsmönnum var gefinn kostur á að taka þátt og hófst hún 15 október og stóð yfir í rúman mánuð eða til 15 nóvember. Þátttakendur voru 527 allt virkir félagsmenn. Af þeim sem svöruðu virtust flestir hlutlausir gagnvart núverandi húsnæði félagsins, eða mjög ánægðir eða frekar ánægðir með húsnæðið. Meirihluta þátttakenda taldi að húsnæði félagsins ætti að hafa aðstöðu fyrir skrifstofu ásamt fundaraðstöðu fyrir félagsmenn og aðstöðu þar sem hægt væri að halda æfingar, keppnir og litlar sýningar. Niðurstaða skoðunarkönnunarinnar er því sú að félagsmenn eru almennt ánægðir en myndu vilja auka við aðstöðu félagsins.

Formaður félagsins hefur kannað óformlega hjá Reykjavíkurborg hvort til álita komi að félagið fái lóð til afnota fyrir starfsemi sína og er í vinnslu formlegt erindi. Þetta verkefni er langtímaverkefni og ljóst að ákvörðun um sölu félagsins eða fasteignarinnar og kaup á annarri fasteign telst meiri háttar fjárskuldbinding sem félagsfundur einn hefði ákvörðunarvald um.

### Réttindabarátta hundeigenda

Hundaræktarfélagið á að vera leiðandi í hlutverki sínu sem málsvari fyrir betri hundamenningu og aðbúnaði hundafólks hér á landi. Enn vantar töluvert upp á að íslenskt samfélag viðurkenni að hundurinn er hluti fjölskyldunnar. Hundafjölskyldur eiga rétt á að taka þátt í mannlífinu á sama hátt og aðrir. Í dag eru ýmsar takmarkanir sem hundafólk þarf að þola án þess að góðar ástæður búi þar að baki. Á vegum félagsins hefur verið unnið að réttindabaráttunni með ýmsum hætti á árinu.

### Barist fyrir auknum aðgangi að mannvirkjum

Formaður félagsins í samstarfi við starfshóp um samskipti við opinbera aðila ritaði bréf til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins 6 júlí s.l. þar sem beðið var um rökstuðning og gögn að banni í reglugerð þar sem hundum er meinaður aðgangur að húsrými og lóðum sem talin eru upp í fylgiskjali 3 með reglugerðinni. Var reifað það sjónarmið að takmörkun þessi fæli í sér verulega skerðingu á rétti hundaeigenda til að stunda venjulegt líf sem og skerðingu þess að hægt væri að halda viðburði hjá félaginu í íþróttamannvirkjum án þess að það væri stutt rökum. Var bent á að íþyngjandi stjórnvaldsfyrirmæli þyrftu að byggja á viðhlítandi rökum og að gæta þyrfti meðalhófs við setningu slíkra fyrirmæla. Í svari ráðuneytisins sem kom síðla árs 2015 kom fram að meginástæða fyrir framangreindu ákvæði reglugerðarinnar, væri að vernda ofnæmissjúklinga fyrir ofnæmisvökum frá dýrum og koma í veg fyrir óþrif frá dýrum í húsrýmum og á lóðum sem krefjast sérstaks hreinlætis vegna smitgátar. Í svarinu kom fram að umræða væri innan ráðuneytisins hvort mögulegt væri að rýmka ákvæði reglugerðarinnar og væri það til skoðunar í ráðuneytinu. Formaður félagsins fylgdi þessu eftir með samtali við ráðuneytið þar sem þeirri ósk var komið á framfæri að félagið fengi að vera umsagnaraðili í vinnu við breytingar á reglugerðinni þannig að hagsmunir hundaeigenda yrði til haga haldið og hlustað á rök þeirra. Starfshópurinn er að kanna hvort hægt sé að fá

ofnæmissérfræðing til að véfengja þessi rök ráðuneytisins til stuðnings máli hundaeigenda. Þá mun formaður og framkvæmdastjóri félagsins eiga fund með ráðherra á morgun til að ræða þessi mál.

Nefnd um einangrunarmál var falið að skoða möguleika á að stytta einangrun úr þeim fjórum vikum sem nú er krafist, auk þess að leitað yrði leiða til að draga úr kostnaði við innflutning nýrra ræktunardýra svo auka megi erfðafræðilegan breytileika í litlum stofnum. Eftir marga fundi, upplýsingasöfnun og bréfaskriftir við ýmsa opinbera aðila, hefur grunur nefndarmanna styrkts um að málefnið sé fremur pólitískt en faglegt. Lítil áhugi er hjá yfirvöldum á faglegum skoðanaskiptum og enn hefur ekki fengist skýring frá yfirvöldum á nauðsyn fjögurra vikna einangrunar eða hvort önnur minna íþyngjandi úrræði, ss. styttri einangrunartími, rannsóknir og bólusetningar, gætu gert sambærilegt gagn við sjúkdómavarnir. Upplýsingar sem nefndin hefur aflað frá óháðum aðilum benda til þess að meðalhófsregla stórnsýslunnar sé brotin á okkur og gamalt áhættumat sem einangrun er byggð á í dag, sé löngu úrelt. Nefndin mun halda áfram störfum og reyna að knýja fram svör við þessu stóra hagsmunamáli okkar hundaeigenda.

### [Skipulögð útivistarsvæði fyrir hundaeigendur](#)

Stefanía H Sigurðardóttir kom þeirri ábendingu til stjórnar að tillaga að skipulagi Ártúnshöfða sem Reykjavíkurborg hefði veitt verðlaun, gerði ráð fyrir að Geirsnef yrði að útivistarsvæði fyrir fólk, borgargarður og myndi léttlest þvera Geirsnefið í samræmi við samgöngustefnu borgarinnar. Sem afleiðing yrðu hundar eflaust bannaðir þar, í það minnsta lausaganga þeirra eins og nú er, án þess að gert yrði ráð fyrir öðru svipuðu svæði innan borgarmarkanna. Formaður félagsins og framkvæmdastjóri fóru á fund með borgarfulltrúa til að ræða áhrif breytinganna á möguleika borgarbúa til að fara með hundinn sinn í lausagöngu og eins til að koma í veg fyrir að hundum verði alfarið meinaður aðgangur að svæðinu, komi til þess að breytingarnar á skipulaginu verði að veruleika. Í því tilviki komu fulltrúar félagsins á framfæri kröfum um að hundar yrðu áfram leyfðir á svæðinu og eins var viðraður sá möguleiki að finna annað útivistarsvæði þar sem lausaganga yrði leyfð og jafnvel fundinn staður undir lóð fyrir félagið.

Strætó bs setti sig í samband við félagið og gaf því kost á að tilnefna fulltrúa í vinnuhóp sem kanna átti hvort leyfa ætti gæludýr í strætó. Stjórn tilnefndi Herdís Hallmarsdóttur formann í hópinn og hefur hún setið vikulega fundi vegna verkefnisins. Óskaði félagið m.a. eftir upplýsingum frá systurfélögum okkar á Norðurlöndum og bað þau að svara tilteknum spurningum um heimildir fólks á þar til að fara með hundana sína í almenningsamgöngur. Skemmst er frá því að segja að Ísland er eina Norðurlandið þar sem bannað er að fara með hunda í almenningsamgöngur. Þessum upplýsingum þótti mér sem fulltrúa félagsins afar brýnt að koma á framfæri við vinnuhópinn sem og vera til svars þegar sjónarmið um réttmæti takmarkana komu fram sem ekki voru á rökum reistar. Samanburður við nágrannalöndin er sterkasta vopn hundaeigenda enda Ísland eftirá hvað varðar margvíslegar takmarkanir að hafa með sér hund.

Stjórn HRFÍ setti sig í samband við kínverska sendiráðið á Íslandi 19. júní og mótmælti harðlega “hátíð um hundaát” sem er árlegur viðburður í Yulin í Kína. Stjórn lýsti andúð á athæfinu og hvatti til þess að yfirvöld gripu í taumana og stöðvuðu óhugnaðinn sem þarna ætti sér stað. Að sama skapi setti stjórn sig í samband við Kínverska hundaræktarfélagið og lýsti afstöðu sinni til hátíðarinnar og hvatti félagið til að berjast harkalega gegn þessum árlegu misþyrmingum. Aðgerðir félagsins fönguðu athygli fjölmiðla á Íslandi en bréfin og viðtöl við formann félagsins birtust í öllum helstu fjölmiðlum landsins.

### [Erlent Samstarf](#)

Formaður og framkvæmdastjóri félagsins sóttu Aðalfund FCI í Mílanó í júní en báðar borguðu fargjald sitt sjálfar. Þá samþykkti stjórn að senda einn fulltrúa á FCI Europe section í Osló 7. September 2015. Á árinu hefur verið hávær umræða um FCI, ákvörðunartöku, atkvæðavægi og þróun samtakanna.

Fyrir fundinn í Osló, ákváðu Norðurlöndin að standa saman og tala einni röddu þegar kemur að framtíð FCI.

Fyrir lítið félag eins og okkar er afar mikilvægt að fylgjast með þróun samtakanna sem og sækja aðalfundi og árlega fundi okkar svæðafélags innan FCI enda innleiðum við svo margt frá FCI auk þess sem við sækjum aðstoð og leiðsögn hjá stærri hundaræktarfélögum.

Formaður og framkvæmdastjóri sóttu NKU fund í Stokkhólmi dagana 22. – 24. september 2015. Þá var haldinn NKU fundur í Reykjavík 13. apríl 2016. Til stendur að skipuleggja Norðurlandasýningar, þar sem hundar geta hlotið nýjan Norðurlandatitil með því að ávinna sér stig sambærilegt við alþjóðlegan sýningameistaratitil. Framkvæmdastjóri sótti fund sýningastjórnar NKU þann 24. maí til að tryggja undanþágur fyrir Ísland vegna einangrunar landsins.

### Á döfinni

Á síðasta starfsári stjórnar var hafist handa við stór og viðamikil verkefni sem næsta stjórn mun vonandi halda áfram með. Gagnagrunnur félagsins og í framhaldinu heimasíða þess hlýtur að vera ofarlega á lista þeirra mála sem stjórn kys að leggja áherslu á. Húsnæðismál félagsins, umgjörð um stofnun og niðurfellingu ræktunardeilda, réttindabaráttan, stytting einangrunar sem og að fylgjast vel með þróun mála innan FCI og systrafélögum okkar í NKU. Jafnvel þótt fullur árangur næðist í þeim málaflokkum yrði af nógu að taka. Eitt málefni sem ég heyri t.d. kallað eftir aukinni áherslu á, er fræðsla fyrir ræktendur, sem deildirnar virðast sinna misvel.

Hundaræktarfélag Íslands er almennt félag – áhugamannafélag og fólkið sem þarf starfar að einstökum hugarefnum sínum gerir það að mestu leyti í sjálfboðastarfi. Því miður leggst vinnan oft á herðar fárra aðila og er það umhugsunarefni fyrir félagið hvernig hægt er að umbuna þeim sem eru til í að gefa af sér og frítíma sínum í þágu félagsins, þannig að tryggt sé að félagið njóti starfskraftanna sem lengst. Niðurrif og innbyrðis átök innan félagsins taka því miður alltof mikinn tíma og hafa í gegnum árin fælt fólk frá stöfum. Ég hef lagt áherslu á málefni og faglega umfjöllun þar sem mig hefur borið niður í starfi félagsins og vona ég að félagsmenn sjái og meti þann einlæga vilja minn að innleiða slík vinnubrögð sem víðast í félaginu okkar.

Í samráði við framkvæmdastjóra félagsins ákvað ég að hafa mánaðarlega opið hús í Síðumúlanum, þar sem félagsmenn eru velkomnir í kaffi og spjall um það sem helst brennur á þeim. Fulltrúaráðsfundir og litli Sámur, nýja mánaðarlega fréttabréfið okkar, hafa reynst ágætlega til að miðla upplýsingum, en ekkert jafnast á við bein samskipti við ykkur, félagsmenn. Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu sem komið hafa að máli við mig og aðra trúnaðarmenn félagsins með uppbyggilegar hugmyndir og tillögur að úrbótum, en ekki síst vil ég þakka þeim félagsmönnum sem, jafnvel ár eftir ár, bjóða fram krafta sína í hin ýmsu störf félagsins, manna keppnir, próf, sýningar, heilbrigðisskoðanir, undirbúa fundi og aðrar samkomur, göngur, skrifa erindi, dæma, halda úti heimasíðum og fleira og fleira. Þið eruð grunnstoðir félagsins og án ykkar værum við einfaldlega ekki.

### **Fundarstjóri lýsti því yfir að mælendaskrá væri opin og spurði hvort einhver vildi taka til máls.**

German Khlopin tók til máls

Herdís svaraði þessum athugasemdum og ítrekaði að það væri eitt af baráttumálum félagsins að rýmkaðar yrðu reglur um íþróttahús - hún og framkvæmdarstjóri ættu fund með umhverfis- og auðlindaráðherra daginn eftir til að ræða þessi mál, þ.e. breytingu á hollustureglugerð.

### **3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar**

Herdís Hallmarsdóttir kynnti ársreikninga félagsins. Skilyrði hafa skapast til að greiða niður fasteignalán hraðar, kostnaður við sýningar er að aukast, verð á flugi og gistingu er að hækka. Þrátt fyrir þetta er hagnaður af sýningum félagsins. Sámur kostaði meira á árinu en ákveðið var að gefa út stærra og veglegra blað en áður.

Tekjur hafa aukist á milli ára á meðan að gjöld hafa dregist saman.

Fjármagnstekjur- og gjöld. Niðurstaðan er neikvæð um tæpar 2 milljónir.

Efnahagsreikningur, verðmat fasteignarinnar. Vakin sérstök athygli á því að í efnahagsreikningi Ra er eignin metin á 7 milljónir en fyrir því liggja skattalegar ástæður.

Óráðstafað eigið fé og skuldir.

Sundurliðun á rekstrartölum félagsins. Sýningar félagsins - kostnaður hefur hækkað. Tekjur félagsins af sýningum, hagnaður af sýningum.

Tekjur og kostnað ýmissa liða í starfseminni, hagnaður af augnskoðunum, hundaskólanum og hundafimi en nokkuð tap er af veiðiprófum.

Sundurliðun vegna Sáms.

**Fundarstjóri þakkaði Herdísi fyrir kynninguna. Ársreikningarnir hafa verið birtir á heimasíðu félagsins. Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls um reikningana.**

Björn Ólafsson steig í pontu. Kvaðst vilja segja að það væri til mikilla bóta að hafa haft reikningana inni á heimasíðu félagsins og það væri gott að það væri hagnaður af starfseminni. Honum þætti hinsvegar Ra virka eins og aflandsfélag.

Ragnar Sigurjónsson tók til máls og lagði til að Sámur yrði seldur og félagið tæki að sér að gefa blaðið út. Herdís tók til máls til svara og kvaðst ekki vilja tala um tap af útgáfu Sáms því sjálfsagt væri að hluti félagsgjalda færi til útgáfu tímaritsins.

**Fundarstjóri lagði reikninga félagsins fyrir árið 2015 fyrir fundinn og þeir voru samþykktir einróma.**

#### **4. Skýrsla um starfsemi síðanefndar**

Kristín Sveinbjörnsdóttir steig í pontu og flutti skýrslu síðanefndar. Nefndin hefur fundað 8 sinnum Öllum málum frá árinu 2015 er lokið. 26 mál voru afgreidd á starfsárinu. 18 félagsmenn fengu áminningu í fyrsta sinn,

**Fundarstjóri opnaði mælendaskrá um starf síðanefndar.**

Björn Ólafsson spurði hvort rétt væri að fólk sem væri dæmt frá starfi í félaginu væri að umskrá hundana sína sem væru síðan á fullri ferð í starfi félagsins. Kristín svaraði fyrirspurninni og kvaðst vilja ítreka að síðanefnd væri úrskurðaraðili en ekki eftirlitsaðili og félagsmönnum sem væri kunnugt um brot ættu að kæra þau.

#### **5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil**

Herdís Hallmarsdóttir kynnti fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil. Gert er ráð fyrir hagnaði.

Reiknuð meðaltalshækkun síðustu ára og tölur reiknaðar út frá því. Ekki hægt að beita því í öllum liðum, frí aðild til nýrra hundaeigenda mun hafa áhrif á innheimtu félagsgjalda, áætlun stendur því í



stað. Framkvæmdarstjórinn var í fæðingarorlofi hluta ársins og því dróst launakostnaður eitthvað saman, kostnaður hefur hlotist af ráðningu staðgengils. Ákveðin hækkun á gjaldskrá tók gildi um áramót, 6% - hafði áhrif á forsendur áætlunarinnar.

Launatengd gjöld, gjöld sem launagreiðendum ber að standa skil á samkvæmt lögum.

German Khlopin benti á að 6% hækkun væri of lítil hækkun og auðveldlega hefði mátt hækka hana um 10%. Herdís svaraði því að ákveðið hefði verið að hækka gjaldskrána hóflega.

**Fundarstjóri lagði áætlunina undir fundinn til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.**

## **6. Lagabreytingar**

Jónas Fr. Jónsson steig í pontu og kynnti lagabreytingatillögurnar.

Tillögur að lagabreytingum frá stjórn HRFÍ

### **Breyting á 7.gr.laga félagsins varðandi boðun funda**

Lagt er til að til aðalfundar verði boðað með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og á heimasíðu félagsins. Þessi boðunarháttur yrði lágmarksskylda en auk þessa gæti stjórn nýtt sér aðra boðunarmáta sem líklegir væru til þess að ná til þorra félagsmanna.

Til viðbótar þessu er orðalag lagagreinarinnar einfaldað og rætt um að annars vegar félagsfundi og hins vegar aðalfund, sem er sérstakur félagsfundur haldinn árlega með tiltekinni dagskrá. Skal boða til þessa fundar með sama hætti.

Var:

### **III. Félagsfundir**

7. Félagsfundir HRFÍ hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í apríl eða maí ár hvert. Til hans skal boða bréflaga með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Fundarboð telst löglegt, sé það birt í félagsblaði. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins. Aukafundi skal halda: a) Ef endurskoðendur kjörnir á aðalfundi fara fram á það. b) Ef meira en 1/10 hluti félagsmanna óska þess. c) Ef stjórn HRFÍ telur sérstaka ástæðu til þess. Krafa um aukafund skal vera skrifleg, stíluð á stjórn HRFÍ og í henni skal greina frá hvaða mál fundurinn á að fjalla um. Aukafund skal halda innan 15 daga frá því að krafa berst stjórn HRFÍ. Stjórn HRFÍ ákveður fundartíma og fundarstað. Fundarboð vegna aukafundar skal póstsenda í síðasta lagi viku fyrir fundinn. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins og tilefni.

Verður:

### **III. Félagsfundir**

**7. Félagsfundir HRFÍ hafa æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfund skal halda í apríl eða maí ár hvert. Til aðalfundar skal boða með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og á heimasíðu félagsins með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins.**

**Félagsfundi skal halda: a) Ef endurskoðendur kjörnir á aðalfundi fara fram á það. b) Ef meira en 1/10 hluti félagsmanna óska þess. c) Ef stjórn HRFÍ telur sérstaka ástæðu til þess.**

**Krafa um félagsfund skal vera skrifleg, stíluð á stjórn HRFÍ og í henni skal greina frá hvaða mál fundurinn á að fjalla um. Félagsfund skal halda innan 15 daga frá því að krafa berst stjórn HRFÍ. Stjórn HRFÍ ákveður fundartíma og fundarstað.**

**Félagsfund skal boða með sama hætti og aðalfund. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá fundarins og tilefni.**

*Fundarstjóri lagði breytinguna undir fundinn og hún var samþykkt samhljóða.*

#### **Breyting á 10.gr. laga félagsins varðandi framkvæmd stjórnarkjörs**

Varðandi fyrirkomulag kosninga er lagt til að hafa utankjörfundarkosningu í a.m.k. fimm virka daga fyrir aðalfund. Slíkt ætti að koma til móts við þá félagsmenn sem ekki geta mætt til aðalfundar. Þá er lagt til að stjórn skipi sérstaka kjörstjórn sem annist framkvæmd stjórnarkjörs, auk þess sem gefnar verði út framkvæmdareglur um kjörgögn og fyrirkomulag kosninga með góðum fyrirvara.

Í umræðunni í laganefndinni kom fram að rétt væri að áréttu að einungis væri um framkvæmdareglur að ræða, en slíkar reglur gætu ekki breytt lögum félagsins eða fyllingu lagaákvæða í ljós almennra meginregla félagaréttar. Var nefnt sem dæmi að kjósandi má almennt skila auðu í kosningum og getur því látið nægja að velja einn einstakling þó kosið sé um tvö stjórnarsæti. Af þeim sökum væri ekki heimilt að mæla fyrir um í framkvæmdareglum (að lögum HRFÍ óbreyttum) að skylt væri að kjósa tvo einstaklinga þegar kosið væri í tvö stjórnarsæti.

Var:

#### IV. Stjórn félagsins

10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu jafnframt ekki vera á launaskrá hjá félaginu. Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda tilkynnt á heimasíðu félagsins. 31.mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.

Verður:

#### **IV. Stjórn félagsins og framkvæmd stjórnarkjörs**

**10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára fyrir þá stjórnarmenn sem kjörnir eru á sama tíma. Endurkjör er leyfilegt. Sá sem fer með framkvæmdastjórn HRFÍ hefur ekki kjörgengi til stjórnar. Formaður og/eða stjórnarmenn HRFÍ skulu ekki vera á launaskrá hjá félaginu.**

**Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert og nöfn frambjóðenda skulu tilkynnt á heimasíðu félagsins 31.mars eða fyrsta virka dag eftir það. Kynning frambjóðenda skal liggja frammi á skrifstofu og heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.**

**Aðalfundur er kjörfundur stjórnarkjörs en kosning utan kjörfundar skal fara fram á skrifstofu félagsins síðustu fimm virka daga fyrir aðalfund í a.m.k. fjórar klukkustundir á hverjum degi.**

**Stjórn félagsins skal eigi síðar en 31. janúar ár hvert skipa þriggja manna kjörstjórn sem annast skal framkvæmd stjórnarkjörs og úrskurða um vafaatriði. Framkvæmdastjóri félagsins er starfsmaður kjörstjórnar. Stjórn félagsins skal, að fengnu álitum kjörstjórnar, gefa út nánari reglur um kjörgögn og fyrirkomulag kosninga og kynna á heimasíðu félagsins eigi síðar en 15. mars ár hvert.**

Fundarstjóri bar lagabreytinguna undir fundinn og var hún samþykkt með meirihluta atkvæða og einu mótatkvæði.

### **Breyting á 28.gr. laga félagsins varðandi viðurlög siðanefndar**

Varðandi viðurlög siðanefndar er annars vegar lagt til að sett verði ákvæði um ítrekunaráhrif, þ.e. heimilt sé við ákvörðun viðurlaga að líta til áminninga eða annarra viðurlaga sem félagsmaður, eða eftir atvikum heimilismenn hans, hafa sætt síðustu þremur árum fyrir uppkvaðningu úrskurða. Af þessu leiðir að við ákvörðun viðurlaga verður ekki heimilt að láta eldri ákvarðanir um viðurlög hafa áhrif á niðurstöðuna.

Hins vegar er lagt til fyrningarákvæði þess efnis að viðurlögum verði ekki beitt vegna brota sem hafa átt sér stað fyrir meira en fimm árum áður en kæra berst siðanefnd. Leitast er við að hafa fyrningarákvæðið einfalt og miða við einn almennan fyrningartíma en ekki gerður greinarmunur á alvarleika kæruefnis.

Var:

IX. Siðanefnd og agareglur 28. Viðurlög sem siðanefnd getur beitt vegna brota skv. 27. gr. eru: 1) áminning 2) útilokun frá þátttöku í starfi HRFÍ að fullu eða í tiltekinn tíma 3) útilokun frá dómastörfum eða öðrum trúnaðarstörfum að fullu eða í tiltekinn tíma 4) svipting ræktunarnafns 5) útilokun frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini HRFÍ, í tiltekinn tíma eða að fullu, hafi aðili vísitandi og á sannanlegan hátt gefið rangar upplýsingar til ættbókar HRFÍ, sýnt ótrúmennsku í ræktunarstöfum eða á annan hátt valdið alvarlegum skaða við ræktun viðkomandi hundakyns. 6) brottvísun úr félaginu að fullu eða í tiltekinn tíma. Siðanefnd getur beitt fleiri en einu ákvæði og getur jafnframt úrskurðað eftir atvikum að viðurlög geti átt við heimilismenn þess sem brotlegur er. Siðanefnd getur úrskurðað um brot fyrirverandi félagsmanns, hafi brotin átt sér stað í félagstíð hans. HRFÍ er ekki ábyrgt fyrir skaða sem aðili kann að verða fyrir vegna umfjöllunar eða úrskurða siðanefndar.

Verður:

### **IX. Siðanefnd og agareglur**

**28. Viðurlög sem siðanefnd getur beitt vegna brota skv. 27. gr. eru:**

**1) áminning**

**2) útilokun frá þátttöku í starfi HRFÍ að fullu eða í tiltekinn tíma**

**3) útilokun frá dómastörfum eða öðrum trúnaðarstörfum að fullu eða í tiltekinn tíma**

**4) svipting ræktunarnafns**

5) útilokun frá rétti til að fá afhent ættbókarskírteini HRFÍ, í tiltekinn tíma eða að fullu, hafi aðili vísitandi og á sannanlegan hátt gefið rangar upplýsingar til ættbókar HRFÍ, sýnt ótrúmennsku í ræktunarstöfum eða á annan hátt valdið alvarlegum skaða við ræktun viðkomandi hundakyns.

6) brottvísun úr félaginu að fullu eða í tiltekinn tíma. Siðanefnd getur beitt fleiri en einu ákvæði og getur jafnframt úrskurðað eftir atvikum að viðurlög geti átt við heimilismenn þess sem brotlegur er. Siðanefnd getur úrskurðað um brot fyrrverandi félagsmanns, hafi brotin átt sér stað í félagstíð hans. HRFÍ er ekki ábyrgt fyrir skaða sem aðili kann að verða fyrir vegna umfjöllunar eða úrskurða siðanefndar.

Siðanefnd er heimilt við ákvörðun viðurlaga að líta til þess hvort félagsmaður eða, eftir atvikum heimilismenn hans, hafi á síðustu þremur árum fyrir uppkvaðningu úrskurðar sætt áminningu eða öðrum viðurlögum.

Viðurlögum verður ekki beitt vegna brota sem áttu sér stað meira en fimm árum áður en kæra berst siðanefnd, skv. 27. gr.

Fundarstjóri lagði lagabreytingartillöguna undir fundinn. Hún var samþykkt með meirihluta atkvæða en tveir greiddu atkvæði á móti.

#### **Fundarstjóri opnaði mælendaskrá um breytingartillögur.**

Arnheiður Runólfssdóttir spurði hvort hefði komið til tals að miða við got frekar en ár, það væri mjög misjafnt hversu mörg got ræktendur væru með. Þrjú brot eru mörg brot.

Jónas svaraði og sagði að auðvelt væri að taka mið af árum, það væri hlutlægt og auðvelt að miða við það. Fimm ár hefðu verið talin hæfilegur tími.

#### **7. Kosning stjórnarmanna**

Kosningarétt og kjörgengi á fundinum hafa þeir sem borgað hafa félagsgjald sitt fyrir 2016, að lágmarki fimm virkum dögum fyrir fundinn. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalds 2016 voru sendir til félagsmanna í byrjun janúar.

Á fundinum gengu úr stjórn Sóley Halla Möller og Guðmundur A. Guðmundsson meðstjórnendur og Ragnhildur Gísladóttir varamaður. Í framboði í stjórnarkjöri voru Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Guðbjörg Guðmundsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson. Þau buðu sig fram aðallega í aðalstjórn en til vara í varastjórn.

#### **Fundarstjóri gaf frambjóðendum kost á því að kynna sig stuttlega.**

Auður Sif Sigurgeirsdóttir kvaðst hafa verið alin upp í HRFÍ, hún hefði komið að ýmsum störfum og teldi sig hafa víðtæka reynslu, m.a. hefði hún setið í stjórn í 4 ár fyrir nokkrum árum, hún hefði staðið að stofnun Ungmennadeildar, hún hefði áhuga á öllu sem tengdist hundum. Hún væri langt komin með dómaranám. Henni þætti mikilvægt að vera víðsýnn, kynna sér málin til hlítar og ætla sér að vinna að málum allra félagsmanna. Auður Sif hrósaði núverandi stjórn félagsins og lýsti sig viðbúna til að aðstoða við áframhaldandi gott starf.

Guðbjörg Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur, kvaðst hafa komið að starfi félagsins á flestum sviðum, hún hefði mikinn áhuga á hundum, hefði verið félagsmaður síðan 2004. Hún kvaðst hafa

ýmsar hugmyndir um hvernig mætti efla Vinnuhundadeildina sem væri illa komið fyrir og hún vonaðist til að fá tækifæri til að koma sínum málum í framkvæmd.

Þorsteinn Thorsteinson kvaðst hafa gengið í félagið 1997. Hann væri ræktandi íslenskra fjárhunda og vonandi saluki hunda í framtíðinni. Hann hefði starfað mikið fyrir DÍF, bæði í stjórn og sem tengiliður við félagið. Hann kvaðst hafa áhuga á öllu sem viðkæmi hundum, hann hefði unnið við skapgerðarmat, hann hefði setið í ritnefnd Sáms, sem væri honum mjög hugleikið. Hann gæfi kost á sér við vinnu við sýningar þegar hann hefði tíma, fyrr á árinu hefði hann hlotið dómara réttindi til að dæma þjóðarhundinn. Hann hefði mikinn metnað til að gera gott félag enn betra.

**Fundarstjóri þakkaði frambjóðendum. Framboð þeirra uppfylla skilyrði laga félagsins. Eftir að atkvæðagreiðslu lyki um kjör meðstjórnenda teldist sá sem ekki næði kjöri sjálfkjörinn sem varamaður. Fundarstjóri óskaði eftir því að Jónas Fr. Jónsson og Ragnar Sigurjónsson aðstoðuðu við talningu atkvæða.**

**Fundi var fram haldið kl. 22.10. 124 sem greiddu atkvæði af 124 fundarmönnum.**

Auður Sif hlaut 108 atkvæði og Þorsteinn hlaut 102 atkvæði og lýsti fundarstjóri því yfir að þau væru réttkjörin í aðalstjórn og Guðbjörg Guðmundsdóttir réttkjörin varamaður.

## **8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara**

Núverandi aðalmenn hafa gefið áfram kost á sér, varamenn gáfu ekki kost á sér og stjórn HRFÍ þakkaði þeim góð störf.

Kristín Sveinbjörnsdóttir og Guðmundur A. Guðmundsson gáfu kost á sér sem varamenn.

Þorsteinn Þorbergsson og Maríanna Gunnarsdóttir voru sjálfkjörin sem aðalmenn og Kristín og Guðmundur voru sjálfkjörin sem varamenn. Lýsti fundarstjóri þessu yfir og var kosningunni fagnað með lófataki.

## **9. Kosning siðanefndar**

Kristín Sveinbjörnsdóttir og Guðríður Valgeirsdóttir gefa áfram kost á sér en Anna M. Flygenring gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa. Guðrún Margrét Baldursdóttir gaf kost á sér sem aðalmaður í siðanefnd. Var kosningu þeirra fagnað með lófataki.

Hilmar Sigurgíslason og Guðrún Sigurðardóttir hafa verið varamenn og gáfu áfram kost á sér og voru sjálfkjörin sem varamenn.

## **10. Önnur mál - Tillögur til afgreiðslu**

### **Sameining deilda**

Stjórnir Spanieldeildar, Ensk cockerdeildar og Amerísk cocker spaniel deildar sendu stjórn tillögu að sameiningu deildanna þriggja á þann veg að tegundirnar yrðu allar saman í hópdeild; Spanieldeild.

Erindið sem kemur til afgreiðslu er eftirfarandi:

**Lagt er til að Ensk Cocker spaniel deild, Amerísk cocker spaniel deild og Spanieldeild sameinist í eina deild; Spanieldeild. Í þeim tilgangi og að framkominni skriflegri beiðni viðkomandi ræktunardeilda verða samhliða lagðar niður Ensk cocker spaniel deild og Amerísk cocker spaniel deild.**

23. gr. laga félagsins - ræktunardeild lögð niður þurfa 2/3 hlutar atkvæða að falla þeirri tillögu í vil.

**Fundarstjóri gaf Herdís Hallmarsdóttur kost á að tjá sig um tillöguna.** Hún kvað forsögu málsins vera þá að stefna félagsins væri að sameina deildir sem teldust vera of litlar einingar. Sameina þyrfti deildir til að auka virkni og styrkleika. Starfshópar voru settir á laggirnar þar sem auglýst var eftir starfskröftum félaganna. Gerð var sú tillaga að skýra töluvert reglur um stofnun deildanna og liðka reglur um stjórnarkjör og skýrt hlutverk tengiliðs og ræktunarráðs. Þessar tillögur eru enn til úrlausnar en starfshópurinn lagði til sameiningu nokkurra deilda. Ein tillagan er lögð fyrir fundinn nú en unnið er að sameiningu fleiri deilda í samvinnu við deildirnar. Þetta var rætt á fulltrúaráðsfundi og síðan á opnum fundi með félagsmönnum. Eftir þetta fóru deildir spanieltegundanna skriflega fram á að deildirnar yrðu sameinaðar.

Fundarstjóri steig í pontu og lýsti yfir því að forsvarsmenn deildanna hefðu tækifæri til að tjá sig um umrædda sameiningu.

Svana Runólfsdóttir steig í pontu og lýsti því yfir að henni þætti ný og góð tækifæri fylgja því að sameina deildirnar.

**Fundarstjóri lýsti eftir því að fleiri fyrirsvarsmenn tækju til máls en þeir voru ekki mættir á fundinn.**

Tillagan var lögð í atkvæði og þar sem þess hafði verið óskað að atkvæðagreiðslan yrði skrifleg fór hún þannig fram. Gulir miðar voru notaðir til þess að greiða atkvæði um tillöguna um sameiningu deilda.

Ákveðið var að telja atkvæði um allar tillögurnar eftir að greidd hefðu verið atkvæði um þær allar.

### **Stofnun deildar**

1. maí s.l. barst stjórn HRFÍ beiðni frá Einari Guðnasyni, Ólafi Ragnarssyni, Þórgunni P. Eyfjörð, Oddi Örvvari Magnússyni og Kristni Þór Einarssyni um endurvakningu á DESÍ Deild Ensk Setters.

Stjórn HRFÍ samþykkti á fundi sínum 19. maí 2016 að leggja fyrir aðalfund HRFÍ tillögu um stofnun deildar Enska Settersins með fyrirvara um að Vísindanefnd væri því samþykk. Vísindanefnd skilaði greinargerð 20. maí 2016 þar sem hún taldi eðlilegast að ákvörðun um það hvort ræktunarstarfið yrði áfram undir merkjum hópdeildar eða hvort deild Enska seta yrði endurvakin sem ræktunardeild, verði í höndum stjórnar HRFÍ.

Reglan hefur verið túlkuð þannig að nægilegt væri að til staðar væru 12 ræktunarhæf dýr.

27 ensk setter hundar uppfylla kröfur um að vera ræktunarhæf dýr. Vísindaráð lýsti þeirri skoðun sinni að tæplega væru til 12 óskyld ræktunarhæf dýr af tegundinni. Vísindaráð lýsti einnig þeirri skoðun að heilbrigðisreglur fyrir tegundina væru ófullnægjandi miðað við reglur á hinum Norðurlöndunum.

**Tillaga lögð fyrir félagsfund til samþykktar:**

**Meirihluti stjórnar HRFÍ gerir það að tillögu sinni að stofnuð verði ræktunardeild, sérdeild um hundakynið Enskan setter. Skal verksvið deildar Ensk setter vera eftirfarandi:**

**1. Að standa vörð um að ræktun viðkomandi hundakynja stefni að því ræktunarmarkmiði sem viðurkennt er af FCI.**

**2. Að vera ráðgefandi og búa yfir haldgóðri þekkingu um hvað eina er varðar ræktun og undaneldi sem og þekkingu á meðfæddum og/eða arfgengum sjúkdómum hjá viðkomandi hundakynjum. Ræktunarstjórnir skulu halda nákvæma skrá yfir allt það sem að gagni má koma við ræktun.**

### **3. Að miðla fræðslu um viðkomandi hundakyn og stöðu ræktunarmála hverju sinni.**

#### **Gögn ræktunardeilda eru eign HRFÍ.**

Herdís gerði grein fyrir tillögunni og lagði hana fram. Fundarstjóri lýsti eftir því hvort einhver vildi taka til máls um tillöguna en enginn gaf sig fram. Gengið var til skriflegrar atkvæðagreiðslu og notaðir voru bleikir miðar.

#### **Breyting á reglugerð um stofnun ræktunardeilda**

Fundarstjóri lagði til að tillagan yrði lögð fyrir fundinn sem ályktun. Hann bauð flutningsmanni tillögunnar að taka til máls um hana.

#### **Einar Guðnason steig í pontu og kynnti tillöguna**

Var:

1. Við stofnun deildar þarf að hafa 12 „óskyld“ ræktunarhæf og sýnda hunda til að byggja stofninn á. Tiltaka skal hvaða 12 hundar eru taldir uppfylla þessi skilyrði um hæf ræktunardýr og hvaða dóma hundarnir hafa fengið

Verður: Aðalfundur HRFÍ haldinn þann 26. maí 2016

**1. Við stofnun deildar þarf að hafa 12 ræktunarhæfa og sýnda hunda til að byggja stofninn á. Tiltaka skal hvaða 12 hundar eru taldir uppfylla þessi skilyrði um hæf ræktunardýr og hvaða dóma hundarnir hafa fengið**

Þ.e að tekið verði út orðið "óskyld" sem er í gæsalöppum. Að öðru leyti standi liður 1 óbreyttur.

Önnur mál:

Jónína Helgadóttir steig í pontu og kvaðst vilja hefja máls á ákveðnu máli. Þegar niðurstöður augnskoðunar sýndu að hundur væri með augnsjúkdóm og hundur væri settur í ræktunarbann gæti komið í ljós seinna meir að engin merki væru um viðkomandi sjúkdóm. Jónína kvaðst vilja hvetja hundeigendur til að taka alla pappíra með sér er vörðuðu viðkomandi hund þar sem það gæti skipt miklu máli að sjá t.d. hvort hundur hefði greinst laus við augnsjúkdóma áður en væri síðar greindur með augnsjúkdóm sem ætti að vera meðfæddur. Þetta gæti skipt gífurlegu máli fyrir bæði eigendur og ræktendur.

Björn Ólafsson kvaðst vilja beina því til stjórnar að þeim sem setið hefðu í stjórn félagsins væri boðið á fulltrúaráðsfundi. Hann benti á að kynjaskipting í Siðanefnd stæðist ekki jafnréttislög. Hann kvaðst vilja benda á að fóðursamningar væru slæmir fyrir félagið þar sem allir hundarnir væru skráðir á eigandann en umráðamaður hundsins þyrfti ekki að vera félagsmaður. Að lokum benti hann á að sú tilhögun að halda sér hvolpasýningar kæmi í veg fyrir að allir félagsmenn væru saman með hundana sína á sýningu.

Auður Sif steig í pontu og kvaðst vilja þakka fyrir stuðninginn og sagðist myndu leggja sitt af mörkum til að vinna fyrir alla félagsmenn.

Kjartan Antonsson steig í pontu og kvaðst vilja skila hamingjuóskum frá Birni Ólafssyni til nýrra stjórnarmanna og einnig frá sjálfum sér. Hann kvaðst vilja benda á að eitthvað þyrfti að gera til að halda þeim félagsmönnum sem bættust við með frírri aðild inni í félaginu. Hann lýsti þeirri skoðun

sinni að fáir væru mættir á aðalfund og að eitthvað þyrfti að gera til að efla áhuga félagsmanna. Hann minntist á sögusagnir um að safnað hefði verið saman fólki til að greiða atkvæði gegn stofnun deildar enska seta, þetta þætti honum mjög sérstakt og slæmt. Starfið í sérdeild væri allt annað og öðruvísi en starf í safndeild. Síð deild, Vorsteh deild, hefði skilað hagnaði af sínum viðburðum og alltaf fengist fólk til starfa á sýningum úr deildinni. Honum þætti mikilvægt að samþykkt yrði að stofna deild enska seta úr því vilji og áhugi væri á því. Enginn rökstuðningur hefði verið fyrir því áliti Vísindaráðs að kynið uppfyllti tæplega skilyrði um ræktunardeild. Einnig væri sérkennilegt að sjá umfjöllun um allar heilbrigðiskröfur sem þyrfti að setja. Auðvitað væri ljóst að þeir sem vildu stofna deildina vildu vinna að heilbrigði tegundarinnar. Skýrsla Vísindanefndar væri afar sérkennileg lesning.

**Fundarstjóri steig í pontu og lýsti því yfir að talningu atkvæða væri lokið.**

**Tillaga um sameiningu spaniel deilda í eina Spaniel deild:** 98 samþykkir, nei 4, auðir seðlar 6.

**Tillaga um stofnun Deildar Enskis Setter:** Já 86, nei sögðu 10, auðir 6, ógildir 2. Fundarstjóri lýsti því yfir að tillagan væri samþykkt.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 23.06.